

Úttekt á Leikskóla Vesturbyggðar 2010

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið



Árný Elíasdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

© Árný Elíasdóttir, Kristín Björk Jóhannsdóttir, 2010
Úttekt á leikskóla Vesturbyggðar
Attentus – Mannauður og ráðgjöf (www.attentus.is)

Efnisyfirlit

Heildarmat.....	5
Formáli.....	6
1. Inngangur.....	7
1.1. Gagnaöflun.....	7
2. Leikskólinn.....	8
2.1. Áherslur og stefna leikskólans.....	8
2.2. Rekstur og stjórnun.....	8
2.3. Starfsandi og skólabragur.....	9
2.4. Skólaþróun.....	9
2.5. Lög og reglugerðir.....	10
2.6. Húsnæði og aðbúnaður.....	10
2.6.1. Leikskólinn.....	10
2.6.2. Umhverfi leikskólans og útileiksvæði.....	11
2.7. Mat úttektaraðila.....	11
3. Skólanámskrá leikskóla.....	13
3.1. Skólanámskrá Leikskóla Vesturbyggðar og tengsl við aðalnámskrá.....	13
3.2. Tengsl skólanámskrár skólastefnu sveitarfélags.....	13
3.3. Áhersla á tiltekna þætti.....	13
3.4. Hugmyndafræði.....	14
3.5. Sérstakar námskrár og sérstaða skólans.....	14
3.6. Þátttaka og áhrif.....	14
3.7. Tengsl skólastiga.....	15
3.8. Mat úttektaraðila.....	15
4. Náms svið og námsþættir aðalnámskrár.....	16
4.1. Hreyfing.....	16
4.2. Málrækt.....	16
4.3. Myndsköpun.....	16
4.4. Tónlist.....	17
4.5. Náttúra og umhverfi.....	17
4.6. Menning og samfélag.....	17
4.7. Mat úttektaraðila.....	18
5. Dagskipulag og innra starf á leikskólanum.....	19
5.1. Uppeldi og kennsla – dagskipulag á leikskólanum.....	19

5.2.	Hópatímar	19
5.3.	Leikurinn.....	19
5.4.	Leikefni og efniviður	20
5.5.	Mat úttektaraðila	20
6.	Innra mat.....	21
6.1.	Mat úttektaraðila	21
7.	Mannauður.....	22
7.1	Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun.....	22
7.2.	Verkaskipting og starfslýsingar	22
7.3.	Starfsþjálfun og símenntun	22
7.4.	Fundir og boðskipti	23
7.5.	Jafnrétti	23
7.6.	Mat úttektaraðila	23
8.	Börnin	24
8.1.	Líðan	24
8.2.	Lýðræði	24
8.3.	Mat úttektaraðila	24
9.	Foreldrar	25
9.1.	Foreldraráð	25
9.2.	Foreldrafélag	25
9.3.	Lýðræði og þátttaka	25
9.4.	Samskipti heimilis og leikskólans.....	25
9.5.	Mat úttektaraðila	26
10.	Sérkennsla barna og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins	27
10.1.	Samstarf við heilsugæslu og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins.....	27
10.2.	Mat úttektaraðila	27
11.	Mat og eftirlit sveitarfélagsins	28
11.1.	Mat úttektaraðila	28
12.	Niðurstöður höfunda	29
13.	Styrkleikar og veikleikar, ógnanir og tækifæri	30
14.	Tillögur til úrbóta.....	31
15.	Heimildaskrá.....	32
	Fylgiskjöl	33

Heildarmat

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskóla Vesturbyggðar. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni skal m.a. leggja mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólafélagsins auk þess sem gera þarf grein fyrir því hvernig innra mat skólans og ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins nýtist leikskólanum. Úttektin beindist sérstaklega að tengslum aðalnámskrár við skólanámskrá skólans og framkvæmd laga, aðalnámskrár og skólanámskrár í daglegu starfi.¹

Úttektin leiðir í ljós að skólinn uppfyllir að mestu leyti kröfur aðalnámskrár um námssvið og námsþætti. Börnunum í leikskólanum virðist líða vel, starfsfólkið er almennt jákvætt, húsnæði er ágætt og heimilislegt og nálægð er við náttúruna sem nýtist í starfinu. Ágæt tengsl virðast milli leikskóla og grunnskóla. Fjárhagslegur rekstur skólans hefur gengið vel og stuðningur bæjarstjórnar og fræðslunefndar við leikskólafélagið er mikill. Í stjórnun skólans þarf að uppfylla ýmis skilyrði laga um markvissa og faglega stjórnun og forystu. Þá uppfyllir leikskólinn ekki markmið aðalnámskrár og laga um skólanámskrá sem allt starfsfólk hefur tekið þátt í að móta og foreldrar rýna í. Hátt hlutfall ófaglærðra starfsmanna er við skólann og lítil fagleg umræða er meðal alls starfsfólks. Þjálfun og endurmenntun er lítil og ómarkviss. Lítið innra mat hefur átt sér stað, ekki er starfandi foreldraráð en foreldrar óska eftir meiri þátttöku í starfi skólans. Eftirlit sveitarfélagsins hefur verið óverulegt en hefur aukist með nýrri bæjarstjórn.

Helstu styrkleikar skólans eru jákvætt starfsfólk, námssvið og námsþættir eru að mestu skv. aðalnámskrá, rúmgott húsnæði og mikill stuðningur bæjarstjórnar og fræðslunefndar við leikskólafélagið. Veikleikar eru þeir helstir að stjórnun er ekki nægilega formleg og fagleg, hátt hlutfall ófaglærðra og ómarkviss þjálfun starfsmanna, foreldrar eru ekki nægilega virkir í skólafélaginu og lítið er um innra mat skólans.

Helstu tillögur til úrbóta eru að sveitarfélagið setji sér skólafélagið og í kjölfarið setji leikskólinn sér sína stefnu. Útbúin verði starfsmannahandbók á leikskólanum og starfslýsingar fyrir öll störf, skriflegar ársáætlanir liggi fyrir um starfið, svo og opinber árskýrsla. Vinnu við skólanámskrá verði haldið áfram með aðkomu allra starfsmanna og foreldra, reglulegir fundir verði á leikskólanum þar sem fagleg umræða fari fram. Móttaka nýliða og endurmenntun starfsmanna verði markvissari, foreldraráð verði stofnað, skoðaðar verði þarfir fyrir betri aðstöðu og komið verði upp tölvum fyrir börnin. Unnið verði að innra mati skólans með aðkomu starfsmanna og foreldra og almennt upplýsingastreymi bætt.

¹ Úr erindisbréfi til úttektaraðila 8.10.2010.

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskóla Vesturbyggðar. Úttektin er unnin á vegum Attentus – mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Árný Elíasdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir.

Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum, foreldrum, bæjarstjórn og formanni fræðslunefndar fyrir góðar móttökur, aðstoð við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 17. desember 2010.

Árný Elíasdóttir, Kristín Björk Jóhannsdóttir

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskóla Vesturbyggðar. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni skal m.a. leggja mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólustarfsins auk þess sem gera þarf grein fyrir því hvernig innra mat skólans og ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins nýtist leikskólanum²

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf, Árnýju Elíasdóttur og Kristínu Björk Jóhannsdóttur, að gera úttektina. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir Leikskóla Vesturbyggðar og niðurstöðum úttektarinnar og gerð grein fyrir styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum eru tillögur til úrbóta, samantekt á niðurstöðum og fylgiskjöl.

1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Þá var rætt við starfsmenn annars vegar á Patreksfirði og hins vegar á Bíldudal, spjallað við hóp nemenda á eldri deild skólans, fundað með rýnihópi foreldra á Patreksfirði og rætt við foreldra á Bíldudal. Einnig var fundað með bæjarstjórn Vesturbyggðar og formanni fræðslunefndar. Markmiðið með viðtölum og rýnihópum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi leikskólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Auk ofangreindra viðtala, rýnihópa, funda og vettvangsskoðunar byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, skólanámskrá leikskólans auk gagna um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá).

² Úr erindisbréfi til úttektaraðila 8.10.2010

2. Leikskólinn

Leikskóli Vesturbyggðar eru tveir skólar undir einni yfirstjórn, Araklettur á Patreksfirði og Tjarnarbrekka á Bíldudal. Araklettur er einsetinn, tveggja deilda leikskóli þar sem eru 37 börn. Yngri deildin, Klettur, er ætluð börnum frá fjórtán mánaða til þriggja ára en eldri deildin, Krókur, er fyrir þriggja til sex ára börn. Tjarnarbrekka er einsetinn einnar deildar leikskóli á Bíldudal þar sem eru átta börn. Starfsmenn leikskólans eru ellefu.

Á Patreksfirði hafði verið starfræktur gæsluvöllur frá árinu 1965 en árið 1979 tók til starfa fyrsti leikskólinn í anddyri félagsheimilisins á staðnum. Leikskólinn Araklettur tók til starfa árið 1984. Á Bíldudal hófst starfsemi leikskóla í félagsheimilinu árið 1974 en hefur frá árinu 1982 verið í núverandi húsnæði. Nöfn á leikskólunum draga nöfn sín af örnefnum í nágrenninu.

2.1. Áherslur og stefna leikskólans

Stefna skólans er ekki til skilgreind en í skólanámskrá kemur fram að áhersla er lögð á að vinna eftir hugmyndafræði Uri Bronfenbrenner, Berit Bae og Lev Vygotsky. Með tilvísun í hugmyndafræði þessara fræðimanna er lögð áhersla á samskipti í skólanámskrá. Þar kemur fram að starfið og áherslur leikskólans taki mið af aðalnámskrá leikskóla.³ Að sögn stjórnenda er lögð áhersla á fjóra þætti: málörvun, leikinn, samskipti og hreyfingu. Sjá mynd í fylgiskjali 1. Áherslur í skólanámskrá leikskólans eru samkvæmt samtölum við starfsfólk og foreldra mótaðar af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.⁴

Sveitarfélagið er ekki með skólastefnu en til stendur að vinna að henni.⁵ Til eru reglur um leikskóla Vesturbyggðar og voru þær endurskoðaðar nýlega (sjá fylgiskjal 4.). Sveitarfélagið og stofnanir þess hafa tekið þátt í verkefni Lýðheilsustöðvar *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf* og er það hluti af daglegu starfi leikskólans og fléttast inn í starfsemina.

2.2. Rekstur og stjórnun

Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.⁶

Sveitarfélagið Vesturbyggð ber ábyrgð á starfsemi leikskólans lögum samkvæmt⁷ og rekur hann. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri mynda stjórnunarteymi skólans.

Aðstoðarleikskólastjóri er einnig deildarstjóri á Króki. Á Tjarnarbrekku deila tveir starfsmenn með sér deildarstjórn. Skólastjóri skilar munnlegri fjárhagsáætlun til bæjarstjórnar eða

³ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

⁴ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10.

⁵ Fundir með bæjarstjórn 10.11.10 og formanni fræðslunefndar 11.11.10.

⁶ Lög um leikskóla, nr. 90/2008, 5. gr.

⁷ Lög um leikskóla 90/2008, gr.

skrifstofustjóra sveitarfélagsins. Skólinn hefur alltaf staðist rekstraráætlun og yfirleitt skilað afgangi. Ársskýrslur liggja ekki fyrir.⁸ Ársáætlun er ekki til fyrir starfseminna í heild. Fyrir liggur ítarleg áætlun fyrir hvern mánuð á Króki en ekki fyrir aðrar deildir.

Verklagsreglur um starfsemi leikskóla Vesturbyggðar hafa það meginmarkmið að skilgreina þær reglur sem gilda um inntöku barna í leikskóla, m.a. úthlutun, aldursviðmið og forgang og tryggja þannig jafnræði og gegnsæi verkferla. Opnunartími er tilgreindur í reglugerðinni og hvaða dvalartímar eru í boði. Reglurnar tilgreina þau viðmið sem eiga við varðandi afslátt og lægri gjöld.⁹

2.3. Starfsandi og skólabragur

Skólanámskrá leikskólans leggur mikla áherslu á samskipti.¹⁰ Að sögn starfsmanna ríkja jákvæðir straumar á leikskólanum og starfsfólk yfirleitt jákvætt. Starfsmannastefna er hvorki fyrir hendi hjá leikskólanum né í sveitarfélaginu og ekki er til starfsmannhandbók. Fram kom í rýnihópi starfsmanna að handbókin hefði verið til fyrir allmörgum árum og hefði verið gott að hafa hana, sérstaklega fyrir nýja starfsmenn til að kynna betur menningu leikskólans. Í haust hafa orðið miklar mannbreytingar og mörg ný börn komið í skólann og mikið verið um fjarvistir starfsmanna. Að sögn stjórnenda hefur því ekki gefist tækifæri á að vinna mikið með starfsandann það sem af er skólaárinu.

Á fundi bæjarráðs með yfirmönnum stofnana haustið 2009 í tengslum við fjárhagsáætlun 2010 var brýnt fyrir stjórnendum eða draga úr öllum kostnaði, ónauðsynlegri yfirvinnu og t.d. fundum utan reglubundins vinnutíma. Vegna niðurskurðar hafi ekki verið haldnir fundnir með öllu starfsfólki en starfsdagar nýttir í staðinn.¹¹ Á fundi með bæjarstjórn kom fram að ekki hefði komið til niðurskurðar á fjárframlögum til leikskólans.¹²

2.4. Skólaþróun

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa unnið að nýrri skólanámskrá upp á síðkastið en engin formleg þróunarverkefni hafa verið unnin við skólann. Samkvæmt ákvörðun frá bæjarstjórn er unnið í hópastarfi að lýðheilsuverkefninu *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf* sem unnið er á öllum skólastigum í sveitarfélaginu. Að sögn stjórnenda hefur verkefnið gengið vel og þar verið unnið eftir markmiðum Lýðheilsustöðvarinnar. Í bæjarstjórn kom fram að verkefnið hefði að mestu leyti gengið vel.

⁸ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og fundur með bæjarstjórn 10.11.10.

⁹ Reglur leikskólanna í Vesturbyggð, nóv. 2010

¹⁰ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

¹¹ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10.

¹² Fundur með bæjarstjórn 10.11.10.

Þá hefur verið unnið að því á leikskólanum að reyna að mynda samfellu á milli deilda svo að ekki sé verið að vinna að sömu þáttum alla skólagönguna. Að sögn stjórnenda fer fram fagleg umræða á starfsdögum með fyrirlestrum og námskeiðum en það var almennt viðhorf starfsmanna að lítið væri um faglega umræðu um starfið og námskrána.¹³

2.5. Lög og reglugerðir

Helstu breytingar sem innleiðing nýrra laga og reglugerða hefur haft á starfsemi leikskólans eru enn frekari upplýsingamiðlun á milli leik- og grunnskólans. Að mati skólástjórnenda hafa ný lög og reglugerðir ekki aukið eða orðið til aukins kostnaðar á leikskólanum en hagræðingaraðgerðir í kjölfar hrunins hafi skilað sér inn í starfið. T.d. sé nú erfiðari um fundarhöld eftir að dagvinnutíma lýkur.¹⁴

2.6. Húsnæði og aðbúnaður

Samkvæmt lögum um leikskóla skal búa börnum hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði. Stuðla skal að heilbrigðum lífsháttum, hollustu og góðum matarvenjum... Vernda skal heilsu barna og temja því hreinlæti... Umhverfið er stundum kallað þriðji uppalandinn í leikskóla, næst barnahópnum og leikskólakennara... Við mat á skólastarfi er eftirfarandi atriði athuguð varðandi húsnæði, þ.e. aðstaða og öryggi barna og aðstaða og öryggi starfsfólks¹⁵

2.6.1. Leikskólinn

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi í heimsóknum sínum á vettvangi, einnig var stuðst við ýmis gögn. Húsnæði leikskólans á Patreksfirði var byggt árið 1984 og á Bíldudal 1982. Skólanum er skipt í þrjár aldursskiptar deildir, Klett og Krók á Patreksfirði og Tjarnarbrekku á Bíldudal og er blandaður dvalartími á öllum deildum. Flatarmál leikskólans á Patreksfirði er 264m² en 130.8m² á Bíldudal. Opnunartími skólans hefur fram að þessu verið frá 7.45 – 17.15 á Patreksfirði og 7.45 – 16.15 á Bíldudal. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2011 er lagt til að leikskólunum verði lokað kl. 16 á daginn í sparnaðarskyni. Hingað til hafi lengd viðvera verið lítið notuð og því mikill sparnaður sem felist í þessari aðgerð.¹⁶

Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla segir að ákvörðun um fjölda barna skuli taka mið af „samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðiþjónustu.“¹⁷ Miðað við fjölda barna virðist deildarrými bæði á Patreksfirði og Bíldudal rúmgott en starfsmenn kvörtuðu yfir að stólar, sem þeir sætu á í starfi með börnunum, væru óþægilegir. Þá eru efni og áhöld fyrir myndmennt geymd í fatahengi starfsmanna og þurfa starfsmenn því að ná í efnið fyrir börnin sem getur takmarkað val þeirra. Starfsmenn töluðu um að vagnageymslur vantaði bæði á

¹³ Viðtal við leikskólástjóra og aðstoðarleikskólástjóra og rýnihópar starfsmanna 10.11.10 og 11.11.10.

¹⁴ Viðtal við leikskólástjóra og aðstoðarleikskólástjóra 10.11.10.

¹⁵ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

¹⁶ Heimasíða Vesturbyggðar. Stefnumæða bæjarstjóra 9.12.2010.

¹⁷ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655 /2009.

Patreksfirði og Bíldudal sem kom einnig fram hjá sumum foreldrum. Hjá bæjarstjórn kom fram að vilji væri fyrir að breyta húsnæðinu til að koma betur til móts við þarfir skólans.¹⁸

Í samvinnu við brunavarnaeftirlit bæjarfélagsins hefur verið æfð rýming og starfsmaður þess hefur komið reglulega í heimsókn með fræðslu og verkefni fyrir börnin. Úttektir liggja fyrir á húsnæðinu og rýmingaráætlun er í vinnslu¹⁹ en áhættumat liggur ekki fyrir.²⁰

2.6.2. Umhverfi leikskólans og útileiksvæði

Bæði á Patreksfirði og á Bíldudal er skólinn staðsettur miðsvæðis, í grónu hverfi nálægt sjó. Allar deildir hafa rúmgott útisvæði þar sem eru útileiktæki sem hafa að hluta verið endurnýjuð á síðasta ári. T.d. gaf Kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal leiktæki á Tjarnarbrekku.²¹ Á útisvæði skólans á Patreksfirði og Bíldudal eru gróðurkassar þar sem börnin og starfsfólkið rækta grænmeti og kartöflur. Í hópi foreldra á Patreksfirði kom fram að leikskólalóðin, sem væri of nærri umferðargötu, gæti skapað hættu fyrir börnin. Hjá foreldrum á Bíldudal kom fram það viðhorf að e.t.v. væri tilefni til að afmarka stóra lóðina betur með tilliti til aldurs barnanna.²²

Árið 2007 var gerð úttekt á leiksvæðinu en þar kemur fram að tækin á svæðunum standist almennt ekki kröfur IST EN 1176²³ (sjá fylgiskj. 5) þar sem þau séu ekki framleidd hjá viðurkenndum aðilum.²⁴ Í framhaldi úttektar voru hlutar kastalanna á lóðum beggja leikskólanna fjarlægðir, lagfært og málað það sem eftir stóð, önnur leiktæki yfirfarin og fjölmörg ný viðurkennd leiktæki sett upp, rólur, rennibraut, snúningstæki, rugguhestar o.fl.

2.7. Mat úttektaraðila

- Fjárhagslegur rekstur skólans hefur gengið vel og yfirleitt skilað rekstrarafgangi.
- Stjórnunarhættir þurfa að vera formlegri og faglegri, þ.e. að til staðar sé skýr stefna skólans, skriflegar áætlanir og ársskýrsla. Ábyrgð allra stjórnenda þarf að vera skýr.
- Æskilegt er að starfsmannastefna liggja fyrir svo og starfsmannahandbók.
- Lítil fagleg umræða á sér stað meðal starfsmanna.
- Ársáætlun þarf að vera til fyrir starfsemina í heild.

¹⁸ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópur starfsmanna og foreldra og fundur með bæjarstjórn 10. og 11.11.10.

¹⁹ Upplýsingar frá leikskólastjóra og bæjarskrifstofu des. 2010.

²⁰ Lög um aðbúnað, hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum 46/1980

²¹ Viðtal við starfsmenn á Bíldudal 11.10.10.

²² Rýnihópar foreldra á Patreksfirði og Bíldudal 10. og 11.11.10.

²³ Staðalráð. <http://www.stadlar.is/stadlamal---frettir/nr/486/>

²⁴ Tölvupóstur frá BSI á Íslandi til Vesturbyggðar 13.08.07.

- Rúmgott húsnæði sem gefur góða möguleika á að vinna í samræmi við námsviðin.
- Rúmgóðar leikskólalóðir nokkuð vel búnar leiktækjum.
- Náttúra í nánasta umhverfi nýtist vel í starfinu.
- Á Arakletti mætti bæta aðgengi barnanna að fjölbreyttum efnivið til myndsköpunar með því að hafa meiri efnivið inni á deildum. Það yki fjölbreytni í vali barnanna. Með því skapaðist einnig meira rými fyrir starfsmenn.
- Huga þarf að þörfum starfsmanna fyrir húsgögn sem henta þeim betur. Einnig þarf að huga að vagnageymslum.
- Skoða þarf ábendingar foreldra um leikskólalóðirnar.
- Mikill vilji kom fram hjá bæjarstjórn um að bæta aðbúnað í skólanum.



Araklettur Patreksfirði



Tjarnarbrekka Bíldudal

3. Skólanámskrá leikskóla

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá þar sem gerð er uppeldis- og námsáætlun til lengri eða skemmri tíma þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum.²⁵ Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að í hverjum leikskóla skuli gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar.²⁶

3.1. Skólanámskrá Leikskóla Vesturbyggðar og tengsl við aðalnámskrá

Fyrsta skólanámskrá leikskóla Vesturbyggðar er að sögn leikskóla- og aðstoðarleikskólustjóra í vinnslu²⁷ og ber hún þess merki. Í skólanámskránni er að finna markmið og leiðir tengd námsviðum leikskóla eins og þau eru skilgreind í aðalnámskrá leikskóla. Þar er einnig að finna aldurtengd viðmið varðandi markmið og leiðir.²⁸

Lítillga er fjallað um daglegt líf í leikskólanum og hvernig þættir tengdir því eru notaðir til að örva nám barna t.d. eru matartímar notaðir til að örva mál- og hreyfingroska. Einnig eru athafnir daglegs lífs notaðar til að efla alla þroskaþætti samkvæmt skólanámskrá.²⁹ Mikilvægi leiksins sem náms og þroskaleið barnsins kemur fram og segir í skólanámskrá að í leiknum tvinnist saman áherslupættir leikskólans. Í námskránni er hvorki fjallað um samstarf heimilis og leikskóla, tengsl leikskóla og grunnskóla, hverjir séu samstarfsaðilar né hvernig mat á leikskólafarfinu fer fram.³⁰

3.2. Tengsl skólanámskrár skólastefnu sveitarfélags

Skólastefna sveitarfélagsins Vesturbyggðar liggur ekki fyrir en að sögn bæjarstjórnar og formanns fræðslunefndar er stefnt að því að mótuð verði skólastefna sem mun taka til allra skólastiga.³¹ Í II. Kafli 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 bera sveitarfélög ábyrgð á starfsemi leikskóla og eiga sveitarfélög að bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags og setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.³²

3.3. Áhersla á tiltekna þætti

Í skólanámskrá kemur fram að áhersla sé lögð á leik, hreyfingu, málrækt og samskipti.³³ Einnig kemur mikilvægi samskipta fram í samtölum við stjórnendur leikskólans. Ástæða þess að lögð er mikil áhersla á málrækt er m.a. að stórt hlutfall íbúa Vesturbyggðar er af erlendu

²⁵ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

²⁶ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

²⁷ Viðtal við leikskólustjóra og aðstoðarleikskólustjóra 10.11.10.

²⁸ Aðalnámskrá leikskóla 1999; Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

²⁹ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

³⁰ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

³¹ Fundur með bæjarstjórn 10.11.10 og fundur með formanni fræðslunefndar 11.11.10.

³² Lög um leikskóla nr. 90/2008.

³³ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

bergi brotinn og málrækt því áhersluþáttur til að efla íslenskukunnáttu erlendra barna og auka samskipti óháð móðurmáli þeirra.³⁴ Áhersla á samskipti er einnig talinn mikilvægur þáttur í skólanámskrá vegna þess fjölmenningslega samfélags sem er í sveitarfélaginu. Í skólanámskrá segir í tengslum við samskipti að börnunum sé kennt að umgangast hvert annað af virðingu, taka tillit til hvers annars og að þau geti leikið saman í fjölbreyttum hópi.³⁵ Í samtölum við stjórnendur skólans kom einnig fram áhersla á mikilvægi samskipta í leikskólanum.³⁶

Í tengslum við hreyfingu er lögð áhersla á að börnin læri að taka tillit til og virði hvert annað. Námsefnið *Stig af stigi* er notað með það að markmiði að þjálfa samskiptahæfni barnanna. Í skólanámskrá kemur einnig fram að unnið sé í samræmi við verkefni lýðheilsustöðvar *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf* sem tengist inn á námssvið starfsins með ýmsum hætti. Mikilvægi leiksins kemur fram í skólanámskrá og segir þar að í leiknum sameinist áherslur leikskólans varðandi málrækt, samskipti og hreyfingu.³⁷

3.4. Hugmyndafræði

Eins og áður er komið fram byggir hugmyndafræði leikskólans á kenningum Berit Bae, Lev Vygotsky og Urie Bronfenbrenner sem öll leggja áherslu á samskipti í tengslum við þroska barna.³⁸

3.5. Sérstakar námskrár og sérstaða skólans

*Námskrár geta verið mismunandi eftir því hvort gera á grein fyrir starfinu í heild eða einstökum þáttum þess. Leikskóli getur því einnig sett sér námskrár sem fjalla um afmarkaða þætti í leikskólastarfinu og skal kynna þær á sama hátt og skólanámskrána.*³⁹

Ekki er til staðar sérstök námskrá sem nær yfir afmarkaða þætti í leikskólastarfinu eða er ætluð einstökum börnum.⁴⁰ Sérstaða skólans felst m.a. í fjölmenningslegum bakgrunni nemenda sem reynt er að koma til móts við með ýmsum hætti. Þá hefur skólinn ákveðna sérstöðu miðað við marga aðra skóla í sveigjanlegum vistunartíma barnanna.

3.6. Þátttaka og áhrif

Sú vinna sem þegar hefur farið fram við gerð skólanámskrár hefur verið í höndum stjórnenda leikskólans og hefur starfsfólk lítið komið að undirbúningi við gerð hennar.⁴¹ Í aðalnámskrá leikskóla segir að til að ná sem bestum árangri skuli allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð

³⁴ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10.

³⁵ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010

³⁶ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10.

³⁷ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

³⁸ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

³⁹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:37.

⁴⁰ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10.

⁴¹ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópur starfsmanna 10.11.10.

skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og faglegrar þekkingar.⁴² Þá segir í lögum um leikskóla að foreldraráð skuli gefa umsögn um skólanámskrá en ekki er starfandi foreldraráð við skólann.⁴³

3.7. Tengsl skólastiga

Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.⁴⁴

Í samtali við stjórnendur kom fram að stuðlað er að samstarfi á milli leik- og grunnskóla til að skapa samfellu í uppeldi þeirra og menntun eins og segir í aðalnámskrá leikskóla.⁴⁵

Samstarfið fer þannig fram að fyrsti bekkur grunnskóla kemur í heimsókn í leikskólann í desember og síðan fer skólahópur leikskólans í heimsóknir í grunnskólann einu sinni í mánuði frá janúar fram í maí. Með þessum hætti kynnast börnin starfsemi grunnskólans og mynda tengsl við starfsmenn og börnin. Skilafundur er að hausti þegar börnin hefja grunnskólagönguna þar sem leikskólakennarinn, sem hafði yfirumsjón með skólahópnum, miðlar upplýsingum til grunnskólakennara og sérkennslufulltrúa skólans.

3.8. Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá setur fram metnaðarfulla hugmyndafræði en uppfyllir enn ekki þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá og lögum. Ýmsir þættir eru vel unnir en mikið skortir á að hún taki á öllum þeim þáttum sem gert er ráð fyrir að þar séu. Vinna við skólanámskrá er í höndum stjórnenda en með of lítilli þátttöku annarra starfsmanna og rýni foreldra.
- Ekki er til staðar sérstök námskrá sem nær yfir afmarkaða þætti í leikskólastarfinu eða er ætluð einstökum börnum en skólinn hefur ákveðna sérstöðu í fjölmenningslegum bakgrunni barnanna og sveigjanlegum vistunartíma.
- Í úttektinni kemur í ljós að starfsmenn leikskólans að undanskildum stjórnendum þekkja ekki nægilega vel til hugmyndafræði skólans og skólanámskrár. Því má draga í efa að allt faglegt starf taki mið af því.
- Ágæt tengsl virðast milli skólastiga.

⁴² Aðalnámskrá leikskóla 1999.

⁴³ Lög um leikskóla 90/2009, 11. gr.

⁴⁴ Aðalnámskrá leikskóla 1999:33

⁴⁵ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

4. Námssvið og námsþættir aðalnámskrár

*Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag.*⁴⁶

Eins og fram hefur komið í skólanámskrá er mikil áhersla á námssviðin hreyfingu og málrækt. Einnig er öðrum námssviðum gerð skil en eins og segir í skólanámskrá skal það gert á beinan og óbeinan hátt í daglegu starfi. Námssviðin fléttast inn í dagskipulag á skipulagðan hátt í söng-, málörvunar-, hópstarfs- og hreyfistundum⁴⁷.

4.1. Hreyfing

*Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi.*⁴⁸

Í skólanámskrá segir að hreyfing skipi stóran sess í leikskólanum og er hún ein af aðaláherslu þáttum leikskólustarfsins. Lögð er áhersla á hreyfimöguleika barnanna bæði úti og inni að teknu tilliti til aldurs og þroska þeirra. Eldri börnin fara í leikfimisal grunnskólans á Patreksfirði einu sinni í viku og yngri börn eru í skipulagðri hreyfistund í leikskólanum á sama tíma. Á Tjarnarbrekku er farið einu sinni í viku með börnin í hreyfingu í íþróttahúsið. Útivera skipar stóran sess í dagskipulagi leikskólans.⁴⁹

4.2. Málrækt

*...því ber að leggja áherslu á málrækt: í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Einnig skal hvetja barn til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli.*⁵⁰

Málrækt er einnig einn af megin þáttum leikskólustarfsins. Mikil áhersla er lögð á myndræna örvun og söng og er reynt að velja lesefni í samverustundum út frá málþroska, málskilningi og orðaforða barnanna svo og fjölmenningsleg bakgrunnur þeirra en sérstök áhersla er á að efla íslenskukunnáttu þeirra barna. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur, með söng og fróðleik. Námsefnið *Bína bálreiða* er notað fyrir yngstu börnin og einnig er stuðst við námsefnið *Markviss málörvun í tengslum við málrækt*.⁵¹ Áherslan á málrækt kom einnig fram í samtölum við stjórnendur.⁵²

4.3. Myndsköpun

*Leikskóla ber að sjá börnum fyrir fjölbreyttum efnivið til myndsköpunar og leiðbeina og örva til sjálfstæðra verka.*⁵³

⁴⁶ Aðalnámskrá leikskóla 1999:19.

⁴⁷ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

⁴⁸ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

⁴⁹ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010. Dagskipulag sjá fylgiskj. 2

⁵⁰ Aðalnámskrá leikskóla 1999:20.

⁵¹ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

⁵² Viðtal við leikskólustjóra og aðstoðarleikskólustjóra 10.11.10.

⁵³ Aðalnámskrá leikskóla 1999:45.

Margs konar tækifæri eru til staðar fyrir börnin til myndsköpunar og hefur myndlistarkrókur upp á að bjóða margs konar efnivið sem hægt er að nota til sköpunar af ýmsu tagi eins og segir í skólanámskrá. Einnig er reynt að tengja myndsköpun við verkefnið *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf*.⁵⁴ Á Arakletti er efni til myndsköpunar geymt í fatahengi starfsmanna sem veldur því að aðgengi er erfitt fyrir börnin.⁵⁵

4.4. Tónlist

Leggja ber áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana.⁵⁶

Samkvæmt skólanámskrá á tónlist að vera á dagskrá í hópatímum.⁵⁷ Í samtali við stjórnendur leikskólans kom fram að mikil áhersla er lögð á tónlist og dagskipulag kveður á um söngstund einu sinni á dag á öllum deildum leikskólans. Á Arakletti er til vagn með hljóðfærum sem er að sögn mikið notaður í hópastundum og söngstundum.⁵⁸

4.5. Náttúra og umhverfi

Barn þarf að kynna fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar....Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. ...Einnig er ákjósanlegt að skapa tækifæri og aðstöðu í leikskóla til tilrauna og athugana barna.⁵⁹

Fjölbreytt umhverfi leikskólans og nálægðin við fjöru, fjall og skógrækt gefa börnunum tækifæri til að fylgjast með dýralífi og gróðri. Grænmetisgarður er á leikskólanum bæði á Patreksfirði og Bíldudal og fá börnin að setja niður grænmeti á vorin, sinna gróðrinum og taka upp að hausti. Í tengslum við samstarfsverkefnið *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf* og hvernig það er tengt við nánasta umhverfi leikskólans, sem er fjölbreytt, er einnig reynt að stuðla að umhverfisvitund barnanna og náttúruvernd.⁶⁰

4.6. Menning og samfélag

Leikskóla ber að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á... Ýmsa atburði líðandi stundar ber að taka til umfjöllunar á leikskólum með ýmsum hætti...Leikskólanum ber að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf, tunga og trúarbrögð er... Barn í leikskóla þarf að kynna tölvu og læra að nota hana á sinn hátt... Tölvur skulu því vera til í leikskólum...⁶¹

Námssviðið menning og samfélag fléttast inn í verkefnið *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf*. Lögð er áhersla á fjölmenningu og hvernig unnið er með hana á jákvæðan hátt.⁶² Í samtölum við starfsmenn og foreldra kom fram að líta bæri svo á að fjölmenningarlegur bakgrunnur barnanna á leikskólanum væri styrkur hans því það gæfi tilefni til að börnin kynnist fjölbreyttri

⁵⁴ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

⁵⁵ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10.

⁵⁶ Aðalnámskrá leikskóla 1999:24

⁵⁷ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

⁵⁸ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10.

⁵⁹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:26 27.

⁶⁰ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

⁶¹ Aðalnámskrá leikskóla 1999: 27-29.

⁶² Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

menningu. Að sögn stjórnenda er lagt upp úr því á eldri deildinni á Arakletti að fá foreldra til að koma í leikskólann til að kynna fyrir börnunum menningu sína og/eða störf og taka þátt í daglegu starfi.⁶³ Í skólanámskrá segir að hátíðir og hefðir séu hluti leikskólastarfsins.⁶⁴

Í samtölum við stjórnendur kom fram að börnin á Arakletti fengju að kynnast fyrirtækjum í nærsamfélaginu með heimsóknum á slökkvistöð, til lögreglu, á bókasafnið og samvinna væri við tónlistarskólann. Á Bíldudal hafa lögregla og slökkvilið heimsótt leikskólann en ekkert samstarf hefur verið þar við tónlistarskólann. Á Öskudaginn eru fyrirtæki heimsótt bæði á Bíldudal og Patreksfirði og þar sungið.⁶⁵ Í samtali við foreldra kom fram að þeir vildu auka tengsl leikskólans við fyrirtæki og stofnanir í nærsamfélaginu.⁶⁶

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á að tölvur skuli vera í leikskólum.⁶⁷ Tölvur fyrir börnin eru ekki á leikskólanum.

4.7. Mat úttektaraðila

- Skv. skólanámskrá og dagskipulagi uppfyllir leikskólinn að mestu kröfur aðalnámskrár um áherslupætti námsviða í leikskólauppeldi.
- Börnin þurfa að hafa aðgengi að tölvum eins og kveðið er á um í aðalnámskrá.
- Ekki virðist að öllu leyti vera samræmi í starfseminni á Patreksfirði og á Bíldudal.
- Auka má tengsl leikskólans enn frekar við fyrirtæki og stofnanir í nærsamfélaginu.



⁶³ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópur foreldra á Patreksfirði 10.11.10.

⁶⁴ Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.

⁶⁵ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10. Rýnihópar starfsmanna 10. og 11.11.10

⁶⁶ Rýnihópur foreldra 10.11.10.

⁶⁷ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

5. Dagskipulag og innra starf á leikskólanum

Í dagskipulagi leikskólastarfs þarf að ríkja jafnvægi á milli mismunandi þátta, á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innileikja og útileikja, á milli félagslegra samskipta og einstaklingsverkefna og á milli hvíldar og þátttöku í leik og starfi. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.⁶⁸

5.1. Uppeldi og kennsla – dagskipulag á leikskólanum

Í aðalnámskrá segir að í dagskipulagi leikskólastarfs þurfi að ríkja jafnvægi á milli mismunandi þátta, á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innileikja og útileikja, á milli félagslegra samskipta og einstaklingsverkefna og á milli hvíldar og þátttöku í leik og starfi. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.⁶⁹

Mismunandi dagskipulag er til fyrir þær þrjár deildir sem eru í leikskóla Vesturbyggðar. Það tekur mið að aldri barnanna á deildunum.⁷⁰ Sjá dagskipulag í fylgiskj. 2.

5.2. Hópatímar

Barn þarf að læra að leika sér og starfa í hópi sem það tilheyrir. Í hópleikjum öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu.⁷¹

Hópatímar eru samkvæmt dagskipulagi á öllum deildum leikskólans. Misjafnt er hvað áherslur eru í hópatímum en unnið er út frá ákveðnu þema. Á Kletti er t.d. unnið í hópastarfi á fimmtudögum samkvæmt þema vetrarins sem er hollusta og hreyfing. Í hópatíma á þriðjudögum er unnið með könnunarleik. Á Króki er unnið með tónlist, samskipti, myndlist og hreyfingu í hópatímum auk verkefnisins *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf* og undirþema þess.⁷² Á Tjarnarbrekku á að vera hópstarf daglega skv. dagskipulagi. Stjórnendur skólans segja að unnið sé markvisst að verkefninu *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf* í öllum hópatímum leikskólans.⁷³

5.3. Leikurinn

Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns.⁷⁴

Í skólanámskrá leikskóla Vesturbyggðar segir að í leiknum tvinnist saman allir áherslupættir skólans. Frjáls leikur er samkvæmt dagskipulagi á hverjum degi og er honum gefinn góður tími samkvæmt því á Kletti og Króki en minni tími er til frjáls leiks á Tjarnarbrekku.⁷⁵ Unnið er sérstaklega með könnunarleikinn á Kletti til að auðga leik yngstu barnanna.⁷⁶

⁶⁸ Aðalnámskrá leikskóla 1999:17

⁶⁹ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

⁷⁰ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10.

⁷¹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:14.

⁷² Skólanámskrá. leikskólar Vesturbyggðar 2010.

⁷³ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10

⁷⁴ Aðalnámskrá leikskóla 1999:11.

5.4. Leikefni og efniviður

Börn þurfa vandaðan og fjölbreyttan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa.⁷⁷

Fjölbreyttur efniviður til skapandi starfa er til staðar í leikskólanum. Þar er að finna búnað til þykjustu- og hlutverkaleikja, kubba og annað efni til byggingarleikja, hljóðfæri og inni- og útileiktæki.⁷⁸

Lögð er áhersla á að nota verðlaust efni úr náttúrunni og einnig er notaður opinn efniviður. Í samtölum við foreldra kom fram að þeir telji að ekki sé nægilega mikið af leikföngum til staðar og var tíðrætt um að foreldrafélagið hefði safnað fjármunum til að standa straum af leikfangakaupum en það hefði ekki skilað sér eins og til var ætlast. Börnin voru almennt ánægð með leikefni leikskólans en höfðu samt orð á því að ekki væri endurnýjað það sem brotnaði.⁷⁹ Efni til myndsköpunar er fjölbreytt og efniviður úr nánasta umhverfi leikskólans er einnig nýttur við sköpun.

5.5. Mat úttektaraðila

- Jafnvægi virðist ríkja á milli mismunandi þátta í dagskipulagi en þó mætti vægi leiksins vera meira í dagskipulagi Tjarnarbrekku.
- Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggir hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.
- Boðið er upp á fjölbreytt val og frjálsan leik.
- Áhersla er lögð á skapandi efnivið og verðlaust efni.

⁷⁵ Dagskipulag sjá fylgiskj. 2.

⁷⁶ Skólanámskrá. leikskólar Vesturbyggðar 2010.

⁷⁷ Aðalnámskrá leikskóla 1999:13.

⁷⁸ Aðalnámskrá leikskóla 1999:13.

⁷⁹ Rýnihópar foreldra og barna 10.11.10

6. Innra mat

Í lögum um leikskóla segir að leikskólinn skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra. Leikskólinn skal birta opinberlega upplýsingar um matið tengsl þess við skólanámskrá og umbótaáætlanir.⁸⁰

Ekkert kerfisbundið innra mat hefur átt sér stað á leikskólanum en unnið er með ýmis matstæki vegna barnanna t.d. íslenska þroskalistann, Kuno Beller listann og HLJÓM 2 próf sem kannar hljóðkerfisvitund barna og er gert á fimm ára börnum á Arakletti. Engar áætlanir um mat liggja fyrir, engar viðhorfskannanir eru gerðar, ekki eru tekin starfsmannasamtöl og hvorki starfsmenn né foreldrar hafa metið skólanámskrá né hún birt.

Lítil fagleg skráning á sér stað um börnin. T.d. eru ljósmyndir, sem teknar eru í leikskólastarfinu og birtar á heimasíðu og læstum myndasíðum, ekki nýttar til að fylgjast með framförum í skólanum. Í aðalnámskrá leikskóla segir að leikskólakennari þurfi að gera ráð fyrir tíma til uppeldislegra athugana og skráningar á atferli barnanna, bæði þegar þau eru ein og í samspili við önnur börn.⁸¹

6.1. Mat úttektaraðila

Ekkert kerfisbundið innra mat á sér stað á leikskólanum. Matsáætlun er ekki til staðar, kannanir eru ekki gerðar, annað mat er ómarkvisst og aðgerðaráætlanir liggja ekki fyrir. Skólinn uppfyllir því ekki kröfur laga og aðalnámskrár um innra mat.



⁸⁰ Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr.

⁸¹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:14

7. Mannauður

7.1 Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun

Í reglugerð um m starfsumhverfi leikskóla kemur fram að rekstaraðili taki ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins í samráði við leikskólastjóra. Skal ákvörðunin byggjast á „mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna.“⁸²

Á leikskóla Vesturbyggðar starfa alls ellefu starfsmenn í 7,5 stöðugildum: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri, sex leiðbeinendur og einn matráður á Arakletti og tveir leiðbeinendur á Tjarnarbrekku. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leiðbeinendur á Bíldudal eru í 100% starfi en aðrir starfsmenn í hlutastörfum frá 50% í 87%. Einungis leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa leikskólamenntun eða 28,6% stöðugilda sem sjá um uppeldi og kennslu barnanna. Menntun starfsmanna má sjá í fylgiskjali 3.⁸³

7.2. Verkaskipting og starfslýsingar

Stuðst er við starfslýsingar frá Félagi íslenskra leikskólakennara fyrir starfsmenn með réttindi leikskólakennara en ekki eru til starfslýsingar fyrir ófaglært fólk.⁸⁴ Í rýnihópum starfsmanna kom fram að oft væri óljóst til hvers væri ætlast af þeim.⁸⁵

7.3. Starfsþjálfun og símenntun

Þjálfun nýrra starfsmanna á leikskólanum er óformleg. Leikskólastjóri tekur á mótí starfsmönnum og ræðir við þá en ekki er farið yfir faglegan bakgrunn starfsins. Að öðru leyti lærir nýi starfsmaðurinn af samstarfsfólki sínu.⁸⁶ Í rýnihópi starfsmanna kom fram það viðhorf að setja þyrfti nýtt starfsfólk betur inn í starfið.⁸⁷

Í lögum um leikskóla segir að starfsfólk skuli eiga kost á símenntun til þess að efla hæfni sína í starfi og til að kynnast nýjungum í skólastarfi og eigi að njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.⁸⁸ Endurmenntum hefur ekki verið markviss og mest ráðist af framboði námskeiða á svæðinu og hafa starfsmenn m.a. sótt námskeið í menningarfærni og líkamsbeitingu.

Tveir starfsmenn, einn á Arakletti og einn á Tjarnarbrekku, stunda nú nám á uppeldisbraut framhaldsskóla og sögðu námið vera mjög gagnlegt en gæti nýst betur í faglegri aðkomu þeirra að starfinu. Þá er aðstoðarleikskólastjóri í meistaranámi í sérkennslu við Háskóla

⁸² Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla 655/2009.

⁸³ Upplýsingar frá leikskólastjóra 6. 11.10.

⁸⁴ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10.

⁸⁵ Rýnihópar starfsmanna 10. og 11. 10.

⁸⁶ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10.

⁸⁷ Rýnihópar starfsmanna 10. og 11. 10.

⁸⁸ Lög um leikskóla 90/2008, 7.gr.

Íslands sem hann segir að hafi nýst mjög vel í leikskólanum. Ekki hefur verið farið í að greina menntunarpörf út frá starfsemi skólans og/eða einstakra starfsmanna og endurmenntunaráætlun leikskólans liggur ekki fyrir. Sveitarfélagið hvetur fólk til að sækja sér endurmenntun en styrkir fólk ekki lengur fjárhagslega.⁸⁹

7.4. Fundir og boðskipti

Boðskipti eru óformleg. Ekki eru haldnir reglulegir fundir stjórnenda með starfsmönnum né fundir deildarstjóra en deildarfundir eru aðra hverja viku. Leikskólastjóri á ekki formleg starfsmannasamtöl við starfsfólk. Starfsdagar eru reglulega. Leikskólastjóri fer til Bíldudals að jafnaði tvisvar í viku og oftast ef þörf kallar, léttir undir með starfsmönnum og tekur á málum ef upp koma. Starfsmenn þar hafa einnig aðgang að skólastjóra í síma. Aðstoðarleikskólastjóri kemur mjög sjaldan til Bíldudals.⁹⁰

7.5. Jafnrétti

Í skólanámskrá er ekki fjallað um jafnrétti og ekki liggur fyrir jafnréttisstefna sveitarfélagsins. Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 2008 er gert ráð fyrir að sveitarfélög skipi jafnréttisnefndir sem fjalli um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags og hafi umsjón með gerð jafnréttisáætlunar.⁹¹ Enginn karlmaður starfar í leikskólanum.

7.6. Mat úttektaraðila

- Lágt hlutfall faglærðra starfsmanna er á leikskólanum. Hvetja mætti fleiri starfsmenn til að sækja sér menntun á sviði leikskóla og gefa þeim sem nú eru í námi enn meiri möguleika á aðkomu og ákvarðanatöku um fagleg mál.
- Meistaránám aðstoðarleikskólastjóra nýtist skólanum vel.
- Starfslýsingar þurfa að liggja fyrir í öllum störfum þar sem kemur fram skýr verkaskipting á milli ófaglærðra og faglærðra.
- Boðskipti þurfa að vera formlegri, t.d. með skipulögðum starfsmannafundum, deildarstjórafundum og starfsmannasamtölum.
- Þjálfun nýrra starfsmanna og endurmenntun starfsmanna þarf að vera markvissari sérstaklega í ljósi þess að stór hluti starfsmanna er ófaglærður.

⁸⁹ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópar starfsmanna 10. og 11. 11.10.

⁹⁰ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópar starfsmanna 10. og 11. 11.10.

⁴¹ Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008, 12. gr.

⁴² Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10. og 11.11.2010

8. Börnin

Alls eru 45 börn í leikskólanum. Daglegur vistunartími barnanna er misjafn, frá 4 klst. í 9 klst.

Á Patreksfirði dvelja börnin að meðaltali 6,5 klst. á leikskólanum en á Bíldudal í 6,6.

Algengast er að þau dvelji í 7,5 klst. Tafla 1 sýnir vistunartíma annars vegar á Arakletti og hins vegar á Tjarnarbrekku.

	4 klst.	4,5 klst.	6 klst.	7 klst.	7,5 klst.	8 klst.	8.5 klst.	9 klst.	Samtals
Araklettur	6	7		1	17	1	4	1	37
Tjarnarbrekka	2		1			1	4		8
									45 börn

Tafla 1. Vistunartími á Arakletti og á Tjarnarbrekku.

8.1. Líðan

Að mati skólastjórnenda er fylgst vel með líðan barna í leikskólastarfinu og tóku foreldrar undir það og sögðu að börnunum liði yfirleitt vel í leikskólanum. Í leikskólanum er til eineltisáætlun en ekki hefur þurft að nota hana. Áætlunin hefur verið kynnt á starfsmannafundi. Ekki eru til staðar verkferlar um hvernig bregðast skuli við t.d. kynferðisofbeldi eða öðrum áföllum sem börnin kunna að verða fyrir.

Rætt var við fimm börn og voru þau sammála um að það væri gaman á leikskólanum, bæði úti og inni. Þeim fannst líka gaman í skólahópi. Þeim fannst skemmtilegast að lita, perla og leika með kubba. Börnin sögu að það væri gaman að leika úti og að leiktækin á útsvæði væru góð.

8.2. Lýðræði

Börnin sögðu að úti fengju þau að ráða hvað þau gerðu. Þau voru spurð um leikefni á leikskólanum og sögðust sátt við það. Þau nefndu þó að ekki væri endurnýjað það sem brotnaði. Börnin sögðu að stundum væri dótadagar og þá fengju þau að koma með dót að heiman. Það kom samt fram hjá þeim að yfirleitt réðu kennararnir flestu.⁹² Í samtali við stjórnendur kom fram að reynt er að stuðla að því að börnin hafi jafnan aðgang að leikefni og reynt að stýra því að kynin sæki ekki alltaf í sömu leikina.⁹³

8.3. Mat úttektaraðila

- Börnin voru glöð og sátt við leikskólann sinn og virtist líða vel í skólanum og var það einnig almennt álit foreldra og starfsmanna sem rætt var við.
- Leikskólakennararnir virðast ráða mestu um skipulag starfsins innandyra. Vinna má markvissara með möguleika barna á að hafa áhrif í leikskólastarfinu.

⁹² Rýnihópur barna á Króki 10.11.2010.

9. Foreldrar

9.1. Foreldraráð

*Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið...Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. Mgr. 4. Gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi*⁹⁴

Ekki er starfandi foreldraráð við leikskólann og foreldrar hafa hvorki komið að framkvæmd skólanámskrár né annarra áætlana um starf skólans.⁹⁵

9.2. Foreldrafélag

Tvö foreldrafélög eru starfandi við leikskólann, annað á Bíldudal og hitt á Patreksfirði. Að sögn foreldra er um formlegt foreldrafélag að ræða. Félagið kemur aðallega að því skipuleggja uppákomur og safna fyrir því sem vantar á leikskólann, t.d. leikföngum. Í hópi foreldra kom fram að ekki hefðu alltaf verið nýttir peningar eða aðrar gjafir sem þeir hefðu fært skólanum. Foreldrafélagið fundar einu sinni á ári með starfsfólki leikskólans.⁹⁶

9.3. Lýðræði og þátttaka

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann en foreldrar töldu að auka þyrfti áhrif þeirra á starfsemi leikskóla og nefndu þeir í því sambandi að foreldrar væru hagsmunaaðilar. Skiptar skoðanir voru meðal þeirra á því hversu vel væri tekið í ábendingar þeirra.⁹⁷ Bæjarstjórn segist vilja sjá að leikskólinn komi betur til móts við þarfir foreldranna um vistunartíma.⁹⁸

9.4. Samskipti heimilis og leikskólans

Á heimasíðu Leikskóla Vesturbyggðar er að finna ýmsar upplýsingar, s.s. fréttir, matseðla, dagskipulag og hópstarf. Upplýsingarnar á heimasíðu eru mjög mismunandi eftir deildum, mestar fyrir Araklett en eingöngu fréttir og dagskipulag á Tjarnarbrekku. Upplýsingatöflur eru á öllum deildum fyrir daglegar upplýsingar. Á Arakletti fara heim til barnanna mánaðarleg fréttabréf þar sem fram kemur mánaðarnámskrá barnanna og námskráin hefur einnig verið send heim á Tjarnarbrekku. Sérstök foreldrabréf fara heim ef eitthvað utan hefðbundinnar dagskrár stendur til.

Foreldrar á Arakletti mæta í viðtöl í afmælistímanum barnsins þar sem m.a. er farið í gegnum þroskamat sem skólinn gerir. Á Tjarnarbrekku hafa ekki verið regluleg foreldraviðtöl og ekki

⁹⁴ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr.

⁹⁵ Rýnihópar foreldra á Patreksfirði og Bíldudal 10. og 11. 11.10.

⁹⁶ Rýnihópar foreldra á Patreksfirði og Bíldudal 10. og 11.11.10.

⁹⁷ Rýnihópar foreldra á Patreksfirði og Bíldudal 10. og 11.11.10.

⁹⁸ Fundur með bæjarstjórn 10.11.11.

unnið út frá þroskamati en stefnt er að því að taka slíkt upp þar.⁹⁹ Foreldrar lögðu áherslu á að þeir vildu að gagnkvæm samskipti og upplýsingastreymi væri á milli heimilis og skóla og sögðu að bæta mætti upplýsingamiðlun frá skólanum.¹⁰⁰

9.5. Mat úttektaraðila

- Foreldrar ættu að hafa meiri áhrif á skólastarfið í foreldraráði sem þarf að koma á fót.
- Vel er staðið að foreldraviðtölum á Króki þar sem farið er í gegnum þroskamát sem skólinn gerir. Samræma þarf undirbúning og framkvæmd foreldra viðtala á öllum deildum.
- Bæta þarf almennt upplýsingastreymi frá skólanum til foreldra og samræma upplýsingar frá skólanum í heild sinni. Þá má auka og samræma upplýsingar á heimasíðu.

⁹⁹ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópar starfsmanna 10. og 11. 11.10.

¹⁰⁰ Rýnihópar foreldra á Patreksfirði og Bíldudal 10. og 11.11.10.

10. Sérkennsla barna og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins

Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.¹⁰¹

Aðstoðarleikskólastjóri er í meistaranámi í sérkennslu og getur sinnt frumathugunum áður en börnum er vísað til annarra sérfræðinga, t.d. með íslenska þroskalistanum, Kuno Beller listanum og HLJÓM 2 prófi sem kannar hljóðkerfisvitund barnanna. Börn af erlendum uppruna fara í sérstaka málörvunarhópa þar sem aðstoðarleikskólastjóri telur fulla þörf á því. Samstarf er við félagsmálafulltrúa sveitarfélagsins vegna barna sem eiga við félagslega erfiðleika að stríða.¹⁰²

10.1. Samstarf við heilsugæslu og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins

Í lögum um leikskóla kemur fram að á vegum sveitarfélaga skuli rekin sérfræðipjónusta fyrir leikskóla og börn, sem þurfi sérstaka aðstoð að mati viðurkenndra greiningaraðila, eigi rétt á slíkri þjónustu innan skólans.¹⁰³ Leikskóli Vesturbyggðar hefur aðgang að tveimur sérfræðingum í tengslum við ráðgjöf fyrir einstök börn, sálfræðingi og talmeinafræðingi. Þeir koma í Vesturbyggð að jafnaði tvisvar til þrisvar á ári og sinna grunnskóla og leikskóla. Leikskólinn hefur nýtt sér slíka aðstoð sem hefur að sögn stjórnenda nýst vel þótt stundum hafi skort betri eftirfylgni.¹⁰⁴ Það viðhorf kom fram í hópi foreldra að huga þyrfti enn betur að sérfræðipjónustu og leita leiða til frekari samstarfs um sérfræðipjónustu.¹⁰⁵

Að sögn skólustjóra hafa samskipti við Heilsugæsluna verið góð í gegnum tíðina. Til margra ára var hjúkrunarfræðingur af og til með fræðslu fyrir starfsmenn um öryggi barna og annað sem var á döfinni. Einnig gerir Heilsugæslan þroskapróf. Minni samskipti hafa verið undanfarið ár vegna mannbreytinga í Heilsugæslunni en leikskólastjóri vonar að þau aukist aftur.¹⁰⁶

10.2. Mat úttektaraðila

- Leikskóli Vesturbyggðar hefur aðgang að talmeinafræðingi og sálfræðingi, sem hefur nýst skólanum ágætlega, en eftirfylgni má vera meiri t.d. með sérstökum aðgerðaáætlunum og/eða einstaklingsnámskrám.
- Nám aðstoðarleikskólastjóra í sérkennslu getur nýst skólanum mjög vel.
- Mikilvægt er að samskipti við Heilsugæsluna verði aukin á ný.

¹⁰¹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:15.

¹⁰² Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10 og Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar.

¹⁰³ Lög um leikskóla 90/2008, 21. og 22. gr.

¹⁰⁴ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 10.11.10.

¹⁰⁵ Rýnihópur foreldra á Patreksfirði 10.11.10.

¹⁰⁶ Upplýsingar frá leikskólastjóra 2.12.10

11. Mat og eftirlit sveitarfélagsins

Sveitarfélögum er ætlað að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og fylgja eftir innra og ytra mati til umbóta í skólastarfi.¹⁰⁷ Þar til á þessu ári hefur eftirlit sveitarfélagsins með leikskólanum verið lítið og ekki liggur fyrir skólastefna þess en stefnt er að því að hún verði unnin árið 2011. Að sögn leikskólastjóra hefur mest verið um munnlegar upplýsingar frá skólanum að ræða en bæjarstjórnarmenn einstöku sinnum komið í heimsókn í skólann.¹⁰⁸ Eins og áður er komið fram hefur leikskólinn alltaf staðist rekstraráætlun og yfirleitt skilað afgangi. Núverandi bæjarstjórn vill auka mat og eftirlit með skólanum og í því skyni heldur bæjarstjóri mánaðarlega fundi með leikskólastjóra og krafist er skriflegra gagna.¹⁰⁹

11.1. Mat úttektaraðila

- Skólastefna sveitarfélagsins liggur ekki fyrir en stefnt er að því að hún verði unnin árið 2011.
- Eftirlit sveitarfélags með leikskólanum var lítið þar til á þessu ári.
- Eftirlitið hefur aukist með nýrri bæjarstjórn þar sem mikill vilji er til þess að auka mat og eftirlit á leikskólanum sbr. lög.
- Leikskólinn hefur alltaf staðist rekstraráætlun og yfirleitt skilað afgangi.
- Að mati úttektaraðila þarf sveitarstjórn að sjá til þess að leikskólinn fái þann faglega stuðning sem þarf til þess að leikskólinn uppfylli lög og reglugerðir.
- Sveitarfélagið gæti komið meira að símenntun starfsmanna til að auka hlutfall faglærðra starfsmanna.

¹⁰⁷ Lög um leikskóla 90/20098, 19.gr.

¹⁰⁸ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og fundur með bæjarstjórn 10.11.10.

¹⁰⁹ Fundur með bæjarstjórn Vesturbyggðar 10.11.10.

12. Niðurstöður höfunda

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum á úttekt á leikskóla Vesturbyggðar. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Aflað var upplýsinga með heimsóknnum í leikskólann, viðtölum við stjórnendur og starfsmenn, í rýnihópi foreldra og rýnihópi barna, á fundi með bæjarstjórn og á fundi með formanni fræðslunefndar.

Það er mat höfunda að þótt ýmislegt sé vel gert á leikskólanum er margt sem má betur fara skv. lögum og reglugerðum. Börnunum virðist líða vel, starfsfólkið almennt jákvætt, húsnæði er ágætt og heimilislegt, fá börn á hvern starfsmann og nálægð er við náttúruna sem nýtist í starfinu. Þá uppfyllir skólinn að mestu leyti kröfur aðalnámskrá um námssvið og námsþætti. Stuðningur bæjarstjórnar og fræðslunefndar við leikskólastarfið er mikill. Hins vegar þarf stjórnun skólans að uppfylla ýmis skilyrði laga um markvissa og faglega stjórnun og forystu. Þá uppfyllir leikskólinn ekki markmið aðalnámskrár og laga um skólanámskrá sem allt starfsfólk skal taka þátt í að móta og foreldrar rýna í. Hátt hlutfall ófaglærðra er við skólann en lítil fagleg umræða er meðal alls starfsfólks og þjálfun og endurmenntun lítil og ómarkviss. Ekkert kerfisbundið innra mat hefur átt sér stað, ekki er starfandi foreldaráð skv. lögum og foreldrar óska eftir meiri þátttöku í starfi skólans.

13. Styrkleikar og veikleikar, ógnanir og tækifæri

Í rýnihópum og viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, foreldrar og fulltrúar sveitarfélagsins spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri leikskóla Vesturbyggðar. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt niðurstöðum úttektaraðila.

Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
Skólinn uppfyllir að mestu kröfur aðalnámskrár um áhersluþætti námsviða í leikskólauppeldi	Stjórnun ekki nægilega formleg og fagleg	Fólksfækkun – fækkun barna	Frekari vinna við nýja stefnumótun sveitarfélags og skóla og áframhaldandi vinna við skólanámskrá með þátttöku starfsmanna og foreldra
Leikskólinn hefur ávallt staðist rekstraráætlun	Óskýrar væntingar til starfsmanna og sveitarfélags	Atvinnumál í byggðarlaginu	Markvissari þjálfun og endurmenntun starfsmanna og nýta betur nám starfsmanna
Þrír starfsmenn í námi sem tengist faglegu starfi leikskóla	Hátt hlutfall ófaglærðra og ómarkviss þjálfun nýrra starfsmanna og endurmenntun starfsmanna	Versnandi fjárhagsstaða sveitarfélaga	Samstarf við tónlistarskólann, grunnskólann og leikskólann í Tálknafirði
Ágætt húsnæði og heimilislegt	Fagleg umræða lítil meðal starfsmanna		Umhverfið og náttúran
Jákvætt starfsfólk	Skólanámskrá og vinna við hana er ekki í samræmi við lög og reglugerðir		Áhugi foreldra á þátttöku í skólalastarfinu
Börnunum líður almennt vel og fá börn á hvern starfsmann	Ekki samræming á faglegu starfi á deildum skólans		Aukin áhrif barnanna
Nálægð við náttúru	Ekkert kerfisbundið innra mat á sér stað í leikskólanum		
Stuðningur bæjarstjórnar og fræðslunefndar við leikskólalastarfið	Ekki nægileg upplýsingagjöf um starfið að mati foreldra		
	Lítill aðkoma foreldra að starfi skólans		
	Ytra eftirlit sveitarfélagsins hefur verði lítið		

14. Tillögur til úrbóta


1. Sveitarfélagið setji sér skólastefnu og starfsmanna- og jafnréttisstefnu með aðkomu þeirra sem hlut eiga að máli.
2. Í kjölfarið setji leikskólinn sér skólastefnu og starfsmannastefnu sem taki mið af stefnu sveitarfélagsins.
3. Útbúin verði starfsmannahandbók á leikskólanum, starfslýsingar fyrir öll störf og tekin starfsmannasamtöl og útbúið verði ferli fyrir móttöku nýrra starfsmanna.
4. Skriflegar ársáætlanir liggi fyrir um allt leikskólastarfið.
5. Ársskýrslu leikskólans verði skilað til bæjarstjórnar.
6. Vinnu við skólanámskrá verði haldið áfram með aðkomu allra starfsmanna og foreldra.
7. Samræma þarf betur faglegt starf á Bíldudal og á Patreksfirði.
8. Leikskólastjóri haldi reglulega fundi með öllum starfsmönnum, einnig verðir reglulegir fundir deildarstjóra. Fagleg umræða fari fram á fundunum og þeim sem nú eru í námi gefnir enn meiri möguleikar á aðkomu og ákvarðanatöku um fagleg mál.
9. Endurmenntun starfsmanna verði markviss út frá þörfum leikskólans og starfsmannanna sjálfra. Útbúin verði símenntunaráætlun starfsmanna.
10. Bæjarstjórn leiti leiða til að hvetja og styðja starfsmenn til að sækja sér menntun á sviði leikskóla. Hugað verði m.a. að nýtingu starfsmenntasjóða í því skyni.
11. Huga þarf að betra aðgengi barnanna að efniviði til myndsköpunar á Arakletti og skoða þarfir fyrir húsgögn starfsmanna og vagnageymslur.
12. Komið verði upp tölvum fyrir börnin.
13. Foreldraráð verði stofnað við skólann og foreldrum gefið meira tækifæri til að hafa áhrif á starfsemi og skipulag skólans.
14. Unnið verði að innra mati skólans með aðkomu starfsmanna og foreldra. Matsáætlun verði útbúin, mat fari fram eftir ýmsum leiðum og umbótaáætlun liggi síðan fyrir.
15. Bæta þarf almennt upplýsingastreymi frá skólanum til foreldra og samræma upplýsingar og auka á heimasíðu.

15. Heimildaskrá

1. Aðalnámskrá leikskóla, 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
2. Ársáætlun Króks 2010-2011.
3. Heimasíða leikskóla Vesturbyggðar. <http://www.vesturbyggd.is/leikskoli/>
4. Heimasíða Vesturbyggðar. <http://www.vesturbyggd.is>
5. Heimasíða Staðlaráðs. <http://www.stadlar.is>
6. Klettur. Starfsáætlun.
7. Lög um leikskóla nr. 90/2008.
8. Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla 655/2009.
9. Reglur leikskólanna í Vesturbyggð, nóv. 2010.
10. Skólanámskrá. Leikskólar Vesturbyggðar 2010.
11. Upplýsingar frá leikskólastjóra 6. 11.10

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Áhersluþættir í starfi Leikskóla Vesturbyggðar¹¹⁰.



¹¹⁰ Skólanámskrár. Leikskóli Vesturbyggðar 2010.

Fylgiskjal 2. Dagskipulag Leikskóla Vesturbyggðar.

Dagskipulag Tjarnarbrekka

	Mánudagur	Priðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7:45 - 8:15	Róleg stund	Róleg stund	Róleg stund	Róleg stund	Róleg stund
8:15 - 8:40	Söngstund	Söngstund	Söngstund	Söngstund	Söngstund
8:40 - 9:00	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:00 - 9:20	Sögustund	Sögustund	Sögustund	Sögustund	Sögustund
9.20 – 10.00	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur
10:00 –10:40	Hópstarf	Hópstarf	Hópstarf	Hópstarf	Hópstarf
10:50 –11:00	Ávaxtatími	Ávaxtatími	Ávaxtatími	Ávaxtatími	Ávaxtatími
11:00 –12:00	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera
12:00 –12:30	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
13:00 –13:30	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur
13:30 –15:00	Útivera	Íþróttir	Útivera	Útivera	Útivera

Dagskipulag Klettur

	Mánudagur	Priðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7.45 – 8.15	Rólegur leikur	Rólegur leikur	Rólegur leikur	Rólegur leikur	Rólegur leikur
8.15 – 8.30	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjálsleikur	Frjáls leikur	Frjálsleikur
8.30 – 9.00	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9.00 – 9.20	Frjáls leikur	Sögustund/ loðtöflusögur	Frjálsleikur	Sögustund/ loðtöflusögur	Vinastund
9.00 – 9.20	Söngstund	Frjálsleikur	Söngstund	Frjáls leikur	Frjáls leikur
10.00-11.00	Frjáls leikur	Könnunarleikur	Frjáls leikur	Hópstarf	Frjáls leikur
11.00-11.45	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera
11.45-12.15	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
12.15 12.45	Hvildarstund	Hvildarstund	Hvildarstund	Hvildarstund	Hvildarstund
12.45 -14.00	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjálsleikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur
14.00 -15.00	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera
15.00 -15.20	Sögustund	Söngstund	Sögustund	Söngstund	Sögustund
15.20 -15.50	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing
15.50-17.15	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur

Dagskipulag Krókur

	Mánudagur	Priðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7.45 - 8.30	Rólegur leikur	Rólegur leikur	Rólegur leikur	Rólegur leikur	Rólegur leikur
8.30 - 8.50	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
8.50- 9.00	Söngstund	Söngstund	Söngstund	Hreyfistund	
9.00 – 9.15	Sögustund og markviss málörvun	Sögustund og markviss málörvun	Sögustund og markviss málörvun	Hreyfistund	Vinastund
9.15 - 10.00	Val	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Hreyfistund	Val
10.00 11.00	Frjáls leikur	Hópstarf	Hópstarf	Hreyfistund	Frjáls leikur
11.00-12.00	Útivera Skólahópur 1	Útivera Skólahópur 2	Útivera Skólahópur 1	Útivera Skólahópur 2	Útivera Stig af Stigi '05
12.00-12.30	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
12.30-13.00	Hvildarstund	Hvildarstund	Hvildarstund	Hvildarstund	Hvildarstund
13.00-14.00	Frjáls leikur	Val	Val	Val	Frjáls leikur
14.00-15.15	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera
15.15-15.45	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegis-hressing	Síðdegis-hressing	Síðdegis-hressing
16.00-17.15	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur

Fylgiskjal 3. Menntun og reynsla starfsmanna Leikskóla Vesturbyggðar.

Starfsmaður	Menntun	Reynsla af leikskólastarfi	Starfshlutfall %
Leikskólastjóri	Leikskólakennari	28 ár	100
Aðstoðarleikskólastjóri	Leikskólakennari og á 4. ári í sérkennslunámi. Er í meistaranámi í sérkennslu.	6 ár	100
Leiðbeinandi 1	Þrjú ár í framhaldsskóla. Er í námi á uppeldisbraut framhaldsskóla.	14 ár	50
Leiðbeinandi 2	Tvö ár í framhaldsskóla	1 mánuður	50
Leiðbeinandi 3	Tvö ár í framhaldsskóla	1 mánuður	60
Leiðbeinandi 4	Er í fjarnámi í leik-og grunnskólanámi.	19 ár	87
Leiðbeinandi 5	Hárgreiðslumeistari	2 ár	62
Leiðbeinandi 6	Grunnskólapróf		62
Leiðbeinandi 7	Er í fjarnámi í leik-og grunnskólanámi.	14	100
Leiðbeinandi 8	Eitt ár í framhaldsskóla	10 ár	100
Matráður	Próf frá hússtjórnarskóla		50

Reglur leikskólanna í Vesturbyggð nóvember 2010

1. gr.

Leikskólarnir í Vesturbyggð eru ætlaðir börnum á aldrinum 14 mánaða til 6 ára. Sótt skal um leikskólavist með minnst 3ja mánaða fyrirvara.

Börnin hætta á sumarlokun það ár sem þau verða 6 ára.

Opnunartími Arakletts er frá kl. 07:45 til kl. 17:15. Opnunartími Tjarnarbrekku er frá kl 07:45 til kl. 16:15.

2. gr.

Umsækjandi og barn skulu vera með lögheimili í Vesturbyggð.

3. gr.

Leikskólarnir eru einsetnir. Grunnvistun er frá kl. 08:00 til kl. 12:00 Boðið er upp á breytilega vistun umfram grunnvistunartíma.

4. gr.

Umsókn um leikskólavist skal skilað á skrifstofu Vesturbyggðar sem heldur utan um skráningar og metur þörf á leikskólavistun í samráði við leikskólastjóra. Leikskólastjóri boðar foreldra nýrra barna til viðtals, þar sem hann veitir upplýsingar um starfsemina og þjónustu rekstraraðila og fær nauðsynlegar upplýsingar um barnið.

5. gr.

Leikskólagjald er ákveðið af bæjarstjórn á hverjum tíma. Fæðisgjald skal greiðast um leið og leikskólagjaldið. Vistgjaldið greiðist frá þeim tíma að aðlögun hefst.

6. gr.

Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram. Gjaldldagi er fyrsta hvers mánaðar. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, dráttarvextir reiknast frá eindaga. Ef gjaldið hefur ekki verið greitt í 1 mánuð eða um það samið við leikskólastjóra eða bæjaryfirvöld er litið svo á, að viðkomandi hafi afsalað sér plássinu frá 1. næsta mánaðar og leikskólagjöld þá send lögfræðingi til innheimtu.

7. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur leikskólanna og foreldra/forráðamanna er einn mánuður hið minnsta.

Leikskólastjóra er heimilt að krefjast mánaðar greiðslu frá uppsagnardegi, hafi reglum um uppsagnarfrest ekki verið fylgt. Uppsögn skal skila á eyðublaði sem fæst hjá leikskólastjóra

8. gr.

Veikt barn skal ekki koma í leikskólann. Tilkynna þarf veikindi barns og einnig, ef barn mun af öðrum orsökum ekki mæta í leikskólann. Ef barn er fjarverandi í minnst 4 viku samfellt vegna veikinda er heimilt að gefa allt að helming dvalargjaldsins eftir gegn framvísun læknisvottorðs.

9. gr.

Barni er aðeins heimilt að dvelja í leikskólanum þann tíma sem dvalarsamningur kveður á um. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að virða þetta samningsákvæði.

10. gr.

Þeim, sem fylgja barni í leikskólann eða sækja, ber að láta viðkomandi starfsmann vita um komu sína og brottför. Látið ávallt vita, ef einhver annar en vanur er sækir barnið. Börn í leikskólanum skulu ekki sótt af yngri börnum en 12 ára.

11. gr.

Barn sem er að byrja í leikskólanum, skal fá aðlögunartíma með foreldri eða forráðamanni sínum til að fyrirbyggja, svo sem unnt er, röskun á öryggiskennnd barnsins.

12. gr.

Morgunmatur hefst kl. 08:30. Foreldrar eða forráðamenn, sem eru með börn sín í morgunmat, þurfa að vera mætt með þau fyrir þann tíma.

13. gr.

Morgunmatur, hádegismatur og síðdegishressing er dregið af fæðisgjaldi þegar barn er samfellt 10 daga í burtu.

14. gr.

Um leið og bæjaryfirvöld fá upplýsingar um það, að viðkomandi foreldri er komið í sambúð, fellur niður afsláttur á gjaldi sem á við um einstætt foreldri.

15. gr.

Að jafnaði skulu vera 4 starfsdagar á ári og skulu þeir vera auglýstir með mánaðar fyrirvara.

Leikvallastaðlar - Ábyrgð fylgir rekstri leiksvæða

Hönnun uppfylli staðla

Leiksvæði og leikvallatæki skulu samkvæmt reglugerðinni uppfylla m.a. eftirfarandi staðla:

- ÍST EN 1176-1: 2008 Hluti 1: *Almennar öryggiskröfur og prófunaraðferðir.*
- ÍST EN 1176-2: 2008 Hluti 2: *Rólur, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.*
- ÍST EN 1176-3: 2008 Hluti 3: *Rennibrautir, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.*
- ÍST EN 1176-4: 2008 Hluti 4: *Hlaupakettir, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.*
- ÍST EN 1176-5: 2008 Hluti 5: *Hringekjur, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.*
- ÍST EN 1176-6: 2008 Hluti 6: *Rugguhestar, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.*
- ÍST EN 1176-7: 2008 Hluti 7: *Leikvallatæki, leiðbeiningar um uppsetningu, eftirlit, viðhald og rekstur.*
- ÍST EN 1177: 2008 *Yfirborðsefni á leiksvæðum, öryggiskröfur og aðferðir við prófun.*

Auk þessara staðla eru til staðlar fyrir fótboltamörk, körfuboltaspjöld og fleiri tæki.

Leiksvæði er skilgreint í reglugerðinni sem svæði, hvort sem er innan dyra eða utan, skipulagt fyrir leik barna svo sem í eða við leikskóla, skóla, gæsluvelli og opin leiksvæði. Einnig leiksvæði annarra aðila sem börn eiga greiðan aðgang að eða eru ætluð börnum, svo sem í eða við fjöleignarhús, frístundahús, tjaldsvæði, verslunarhúsnæði og samkomustaði.

Hönnuðir slíkra leiksvæða þurfa að taka mið af þeim lágmarks öryggiskröfum sem gerðar eru í framangreindum stöðlum, bæði við hönnun leiksvæðanna og bygginga sem þar rísa.

Ábyrgð rekstraraðila

Rekstraraðilar þurfa að gera þá kröfu til hönnuða að hönnunin uppfylli viðeigandi staðla. Þeir bera einnig ábyrgð á að leiksvæðin séu skoðuð árlega af faggildum aðila. Árleg aðalskoðun er heildarúttekt á öryggi leikvallatækja, yfirborðsefna og undirstaðna undir leikvallatækjum. Skoðunin tekur einnig til breytinga sem geta haft áhrif á öryggi, svo sem vegna viðgerða, ísetninga nýrra hluta og uppsetningu nýrra tækja.

Faggiltur aðili

Eftir 1. janúar 2006 máttu þeir einir framkvæma aðalskoðun leiksvæða sem hlotið hafa faggildingu til þess. Faggiltur aðili er hlutlaus þriðji aðili sem ekki á hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður skoðunar og hefur sérþekkingu á ofangreindum stöðlum. Staðlar fela í sér uppsafnaða sérþekkingu á því hvernig hönnun, frágangur og viðhald leikvalla og leikvallatækja sé sem öruggast. Byrgjum brunninn áður en barnið dettur ofan í hann.